

GJALDSKRÁ

Byggðasamlags skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Innri-Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*
Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 20.000 og skal það bundið vísitölu byggingarkostnaðar og miðast við grunnvísitölu 1. janúar 2003.
Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirliti sem skylt er að framkvæma. Þegar úrskurður um mat á umhverfis-áhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000, er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfis.
2. *Gjaldddagi.*
Greiða skal framkvæmdaleyfisgjald við útgáfu leyfis, þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.
3. *Innheimta gjalda.*
Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi lóð eða fasteign sem við getur átt og má innheimta áfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæðir og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingaleyfis greiðist	5.000 kr.
Íbúðarhús	28.000 kr.
Íbúð í sambýlishúsi/fjölbýlishúsi	20.000 kr.
Frístundahús að 60 m ²	12.000 kr.
Frístundahús yfir 60 m ² veiðihús og hliðstæð	18.000 kr.
Bílskúr/bílskýli/bátaskýli og áþekk hús	14.000 kr.
<i>Skrifstofu/verslunar hótél og hliðstæð hús</i>	
Að 100 m ² hver hæð í húsi	20.000 kr.
100 til 200 m ² hver hæð í húsi	60.000 kr.
200 til 500 m ² hver hæð í húsi	80.000 kr.
500 til 800 m ² hver hæð í húsi	120.000 kr.
<i>Gripahús</i>	
Að 100 m ²	15.000 kr.
100 til 200 m ²	20.000 kr.
200 til 500 m ²	45.000 kr.
500 til 800 m ²	95.000 kr.
800 til 2000 m ²	200.000 kr.
2000 til 4000 m ²	450.000 kr.

Óeinangraðar geymslur/hlöður og áþekk hús,

Að 100 m ²	10.000 kr.
100 til 200 m ²	15.000 kr.
200 til 500 m ²	24.000 kr.
500 til 800 m ²	48.000 kr.
800 til 2000 m ²	112.000 kr.
2000 til 4000 m ²	240.000 kr.
<i>Smágeymslur/stækkanir/ undir 20 m²</i>	6.000 kr.

Fyrir hverja úttekt greiðist	4.500 kr.
Mælingu lóðar	26.000 kr.
Mæling fyrir húsi á lóð	26.000 kr.
Mæling fyrir húsi í sveit á lögbylí án lóðar	13.600 kr.
Fyrir byggingarvottorð	5.000 kr.
Stöðuleyfi eitt ár í senn	5.000 kr.

Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis kr. 5.000 til 50.000 eftir umfangi og greiðist við afhendingu gagna.

Fjárhæðir eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar. Miðað er við vísitölu byggingarkostnaðar grunnvísitölu 1. janúar 2003.

2. *Gjald dagar.*

Byggingarleyfisgjöld, úttektargjöld og mælingargjöld skal greiða við útgáfu byggingarleyfis. Þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið þessarar gjaldskrár fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Byggingarleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt lögum nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin kemur í stað eldri gjaldskrár nr. 109/2002 og öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Hrossholti, 27. febrúar 2003.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.